

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 224 27. apríl 1982, um veiðar í þorskfisknet  
maí—desember 1982.

## 1. gr.

Í stað orðanna: „20. maí 1982“, í 1. gr. reglugerðarinnar, komi: 15. maí 1982.

## 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1982.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

11. maí 1982.

Nr. 234.

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir  
á þorskveiðum togskipa árið 1982.

## 1. gr.

2. töluliður 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Í 45 daga samtals á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1982, og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a.m.k. 25 daga á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1982.

## 2. gr.

1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Á þeim tíma, sem skip láta af þorskveiðum sbr. 2. og 6. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en hér segir:

1. 5% í 35 daga.

2. 15% í 50 daga.

3. 30% í 50 daga.

## 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

Jón B. Jónasson.

**REGLUGERÐ**

**um afnám reglugerðar nr. 6 27. janúar 1982, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.**

## 1. gr.

Frá 8. maí 1982 er felld úr gildi reglugerð nr. 6 27. janúar 1982, um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. maí 1982.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

Jón B. Jónasson.